



Fundur háskólaráðs 14. júní 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 08.06.2000 12:01:54
Dags: 14.06.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

07/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, miðvikudaginn 14. júní var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30

1. Bókuð erindi

1.1 Bréf frá raunvísindadeild varðandi sérreglur raunvísindadeildar um menntunarkröfur fyrir kennarastörf við deildina. – Samþykkt samhljóða.

1.2 Bréf frá heimspekideild varðandi sérreglur heimspekideildar um menntunarkröfur fyrir kennarastörf við deildina. – Samþykkt samhljóða.

1.3 Háskólaráð samþykki reglur um rannsóknánám við viðskipta- og hagfræðideild, reglur lagadeildar um tilhögun meistaranáms og brautskráningu meistaraþrófsnema í sjávarútvegsfræðum og umhverfisfræðum. – Samþykkt samhljóða.

1.4 Háskólaráð samþykki tillögu að breytingum á reglum guðfræðideildar um rannsóknarnám, sbr. meðfylgjandi bréf frá skrifstofustjóra guðfræðideildar dags. 25. maí 2000. – Samþykkt samhljóða.

1.5 Tilnefning Háskóla Íslands í Rannsóknarráð Íslands.

Á fundi háskólaráðs 25. maí 2000 var rektor og varaforseta háskólaráðs falið að undirbúa tillögu að tilnefningu sex fulltrúa Háskóla Íslands í Rannsóknarráð Íslands sbr. bréf menntamálaráðuneytisins dags. 5. maí 2000. Úr þessum hópi velur menntamálaráðherra þrjá aðalmenn og þrjá varamenn.

Rektor og varaforseti ráðsins leggja til að neðangreindir fulltrúar verði tilnefndir af hálfu Háskóla Íslands:

Guðmundur Þorgeirsson, prófessor í læknadeild
Kristín Ingólfssdóttir, prófessor í læknadeild
Lárus Thorlacius, prófessor í raunvísindadeild
Ólafur Þ. Harðarson, dósent í félagsvísindadeild
Páll Hreinsson, prófessor í lagadeild
Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspekideild

Samþykkt einróma.

1.6 Lagt fram bréf frá Ingjalði Hannibalssyni, formanni fjármálanefndar, sem sýnir fjárveitingar til rekstrareininga Háskólans vegna rekstrar húsnæðis á ári og kostnað vegna rekstrar þess húsnæðis sem þær nota. Fjármálanefnd gerir þá tillögu til háskólaráðs að á árinu 2000 fái rekstrareiningar 25% af ársfjárveitingu vegna rekstrar húsnæðis og greiði 25% af kostnaði vegna þess húsnæðis sem þær nota. Á árinu 2001 verði samsvarandi hlutfall 50%. – Samþykkt samhljóða.

1.7 Lagt fram bréf frá samráðsnefnd um kjaramál um breytingu á matsreglum vinnumats vegna rannsókna. Nefndin leggur til að við útreikning á greiðslum úr vinnumatssjóði á árinu 2000 skuli árleg vinnuskylda þeirra félagsmanni í FH sem hafa 40% rannsóknaskyldu miðast við 7 stig, þeirra sem hafa 100% rannsóknaskyldu miðast við 14 stig og annarra hlutfallslega þar á milli. – Samþykkt samhljóða.

1.8 Lagt er til að Námsráðgjöf heyri undir kennslusvið. – Samþykkt einróma.

2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

2.1 Tillögur um laun fulltrúa í háskólaráði og laun deildaforseta ásamt bréfi frá Hjalta Hugasyni, deildarforseta guðfræðideildar er varðar tillögur um laun deildaforseta.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Verkefni um búsetuþætti á landsbyggðinni “Búum til betri byggð”

3.2 Afrit af bréfi frá Jóhanni Tómassyni, lækni ásamt ljósriti af grein úr Morgunblaðinu.

3.3 Minnisblað frá starfshóp rektors um hugverkarétt.

4. Fyrir fundinum lágu drög IV að reglugerð fyrir Háskóla Íslands, ásamt minnisblaði ÞK/ÓJE dags. 8. þessa mánaðar. Inn á fundinn kom Ólafur Jóhannes Einarsson, lögfræðingur á rektorsskrifstofu.

Fyrir fundinum lá bréf frá Stúdentaráði Háskóla þar sem mótmælt var afgreiðslu háskólaráðs á 59. gr. á síðasta fundi ráðsins. Fellt var með 4 atkvæðum gegn 2 að taka málið aftur á dagskrá.

Farið var yfir drög IV að reglugerð ásamt framangreindu minnisblaði og svöruðu Þórður Kristinsson og Ólafur Jóhannes Einarsson ýmsum fyrirspurnum fundarmanna um reglugerðina og efni hennar.

14. gr., endurmenntun á vegum háskóladeilda, var borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2, með einni orðalagsbreytingu.

Efni 39. gr., framgangur kennara sérfræðinga og fræðimanna, var rætt og í tengslum við hana ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi: “Ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, og reglur um stöðuhækkunar og þrepahækkunar, samkvæmt framgangskerfi háskólamanna frá 2. nóvember 1995, gilda þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur um framgang. Skal því lokið eigi síðar en 1. júlí 2001”. Bráðabirgðaákvæðið var samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1.

53. gr. Kennsla og kennsluhættir. Rætt var um 5. mgr. er varðar heimspekileg forspjallsvísindi. Hún var samþykkt samhljóða.

27. gr. Stofnanir sem heyra undir deildir. Í áðurnefndu minnisblaði voru lagðar tli 2 breytingatillögur:

1. Við 3. tölulið bætist nýr málslíður sem verði 3. másl. og orðist svo:

“Formaður stofu skal kjörinn af starfsmönnum hennar í samræmi við reglur hvernar stofnunar”. – Samþykkt samhljóða.

2. 1. mgr. 5. tölul. orðist svo:

“Um skipan og kjör stjórnar fer eftir reglum hvernar stofnunar. Sé ekki ráðinn forstöðumaður kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar. – Samþykkt samhljóða.

Rætt var um ráðningar akademískra starfsmanna og störf dómnefnda, 37. gr. 42. gr., og 43. gr. ÞK og ÓJE falið að gera tvær breytingar á ákvæðum 42. gr. í samræmi við umræður á fundinum.

98. gr. MBA nám. Greinin var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.

77. gr. Vinnumatssjóður Háskóla Íslands.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi samtaka kennara, lagði til að heiti sjóðsins yrði óbreytt “Vinnumatssjóður Félags háskólakennara”. Tillagan var felld með 3 atkvæðum gegn 2.

Reglugerðin í heild sinni var síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 8 atkvæðum gegn 2. Þrír fulltrúar óskuðu eftir bókun:

Berglind Hallgrímsdóttir fulltrúi Vöku lét bóka:

“Undirrituð greiðir atkvæði með drögum að þeirri reglugerð fyrir H.Í. sem liggur fyrir hér í dag. Hún er afrakstur margra mánaða vinnu þar sem fjölmörgum aðilum hefur verið veittur kostur á að koma með athugasemdir.

Við stúdentar höfum sett fram margvíslegar athugasemdir í þessu ferli og margar þeirra hafa verið teknar til greina. Hinsvegar hafa sumar athugasemdir okkar ekki verið teknar til greina og vegur þar þyngst sú athugasemd stúdenta að Háskólinn geti ekki í óbreyttu lagaumhverfi innheimt skólagjöld við MBA nám.

Reglugerðin er þó mikið framfaraskref og ég vonast til þess að tilkoma hennar geri allt starf skólans, og uppbyggingu hans, markvissari. Ég greiði því atkvæði með reglugerðinni”.

Fanney Karlsdóttir fulltrúi Röskvu lét bóka:

“Undirrituð greiðir atkvæði með drögum að þeirri reglugerð fyrir H.Í. sem liggur fyrir hér í dag. Hún er afrakstur margra mánaða vinnu þar sem fjölmörgum aðilum hefur verið veittur kostur á að koma með athugasemdir.

Við stúdentar höfum sett fram margvíslegar athugasemdir í þessu ferli og margar þeirra hafa verið teknar til greina. Hinsvegar hafa sumar athugasemdir okkar ekki verið teknar til greina og vegur þar þyngst krafa okkar um skólagjaldalaust MBA-nám. Með það er ég óánægð enda er það skoðun mín að MBA-námið eigi að vera án skólagjalda.

Erfitt er hinsvegar að vera á móti reglugerðinni í heild, enda er hún að flestu leyti mjög jákvæð. Ég greiði því atkvæði með reglugerðinni með áðurnefndum fyrirvara og fagna

því að sett hafi verið ný reglugerð á grundvelli laga um Háskóla Íslands”.

Jóhann Ágúst Sigurðsson, forseti læknadeildar lét bóka:

„Fyrir hönd læknadeildar lýsi ég yfir ánægju með núverandi reglugerð og þá stefnumótun að auka sjálfstæði deilda. Hins vegar getur læknadeild ekki samþykkt að henni verði skipt í tvær skorir, þ.e. læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor. sbr. gr. 87, 88 og 89. Þess vegna er ekki hægt að samþykkja reglugerðina í heild sinni í núverandi formi.”

5. Inn á fundinn kom Runólfur Smári Steinþórsson í viðskipta- og hagfræðideild og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir MBA nám við deildina. Fyrir fundinum lágu samþykktir fyrir 45 eininga MBA nám viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Samkvæmt fjárhagsáætlun verða nemendur 35 til 50 og gjald fyrir allt námið kr. 1.250.000 á hvern nemanda.

Samþykktir fyrir MBA námið voru samþykktar með 7 atkvæðum gegn 3. Samþykkt var samhljóða að gjald fyrir allt námið verði kr. 1.250.000 á hvern nemanda.

Rektor lagði fram eftirfarandi bókun:

“Sú ákvörðun Háskóla Íslands að heimila gjaldtöku fyrir MBA-nám byggist á því að þar er um starfstengt endurmenntunarnám að ræða og sérstakt tilvik. Ákvörðun Háskóla Íslands markar því ekki stefnubreytingu hvað varðar upptöku skólagjalda við Háskólann”.

6. Fyrir fundinum lágu tillögur frá 4 deildum um heiðursdoktora. Tillögurnar voru ræddar. Málinu var frestað.
7. Fyrir voru teknir samningar Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Háskóla Íslands. Fyrir fundinum lá skýrsla vegna þjónustusamninga Háskóla Íslands og Stúdentaráðs Háskóla Íslands dags. 1. júní 2000.

Samningarnir voru ræddir ítarlega og bornir upp hver fyrir sig:

Samningur um rekstur húsnæðismiðlunar, kennslumiðlunar og barnagæslumiðlunar var samþykktur samhljóða.

Samningur um þjónustu við nemendur, nemendafélög og erlenda stúdenta var samþykktur samhljóða.

Samningur um rekstur réttindaskrifstofu stúdenta var samþykktur með 6 atkvæðum gegn 1.

Formönnum fjármálanefndar, kennslumálanefndar og vísindanefndar var samhljóða falið að kanna forsendur samninganna og skila niðurstöðum sínum fyrir lok október 2000.

Berglind Hallgrímsdóttir, fulltrúi Vöku, lagði fram bókun þar sem segir (meðal annars): Háskólaráð er nú að taka til meðferðar samninga sem eru orðrétt óbreyttir frá þeim sem ráðið afgreiddi 16. desember s.l. enda þótt Stúdentaráð hafi ekki uppfyllt upplýsingaskyldu verktaka gagnvart verkkaupa, Háskóla Íslands, og því ekki forsendur til endurnýjunar. Á fyrrgreindum fundi var einróma samþykkt bókun þar sem lögð er áhersla á að Stúdentaráð taki upp viðræður við Félagsstofnun stúdenta um rekstur húsnæðis-, kennslu- og barnagæslumiðlunar. Það hefur ekki verið gert með árangri. Réttindaskrifstofu Stúdentaráðs má ekki reka undir eftirliti háskólayfirvalda. Í því felst stórkostlegt afsal á sjálfstæði Stúdentaráðs sem til langs tíma litið mun draga úr krafti og trúverðugleika ráðsins. Með tilvísun til bókunar fulltrúa Vöku á fyrrgreindum fundi

háskólaráðs hvet ég eindregið til þess að samningi um rekstur Réttindaskrifstofu verði hafnað.

Fanney Karlsdóttir, fulltrúi Röskvu, lagði fram bókanir þar sem segir (meðal annars): Undirrituð fagnar endurnýjun þjónustusamninga H.Í. og SHÍ nánast óbreytta. Í því felst viðurkenning á starfsemi Stúdentaráðs og þeirri þjónustu sem ráðið veitir á skrifstofu sinni. Samningarnir tryggja að Stúdentaráð mun á næsta vetri veita stúdentum Háskóla Íslands góða, fjölbreytta og gjaldfrjálsa þjónustu.

8. Rektor greindi frá Ársfundi Háskóla Íslands sem haldinn verður 16. þ.m.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 17:45